

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/63/EB

2011/EES/20/10

frá 20. júní 2008

um samkeppni á mörkuðum fyrir endabúnað til fjarskipta (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3.
mgr. 86. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/301/EB frá 16. maí 1988 um samkeppni á mörkuðum fyrir endabúnað til fjarskipta ⁽¹⁾ hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽²⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.
- 2) Í öllum aðildarríkjunum var að meira eða minna leyti ríkiseinkasala á fjarskiptum, venjulega með þeim hætti að veitt voru sérstök réttindi eða einkaréttur einum eða fleiri aðilum sem falið var að setja upp og reka fjarskiptanetið og annast þjónustu er því tengist. Þessi réttindi náðu þó oft lengra en til þess að veita þjónustu fjarskiptansins og náðu áður til þess að útvega endabúnað notanda til tengingar við netkerfið. Á síðustu áratugum hefur orðið veruleg tæknipróun á sviði netkerfa og hefur þessi þróun verið sérstaklega hröð á sviði endabúnaðar.
- 3) Með hliðsjón af tæknilegri og efnahagslegri þróun hafa aðildarríkin endurskoðað það fyrirkomulag að veita sérstök réttindi eða einkarétt á fjarskiptasviðinu. Með hliðsjón af örrí þróun mismunandi gerða endabúnaðar og fjölbreyttum notkunarmöguleikum hans er nauðsynlegt að notendur hafi frjálst val milli hinna ýmsu gerða af búnaði sem í boði eru, eigi þeir að njóta góðs af þeim framförum sem orðið hafa á þessu sviði.
- 4) Einkaréttur verður til þess að frjálst flæði endabúnaðar til fjarskipta verður takmarkað, annaðhvort að því er varðar innflutning og markaðssetningu endabúnaðar (þ.m.t. gervihnattabúnaðar) vegna þess að tiltekna vörur eru ekki settar á markað eða að því er varðar tengingu, það að taka í notkun og viðhald, vegna þess að með tilliti til eiginleika markaðarins, og þá einkum fjölbreytni

og tæknilegs eðlis búnaðarins, er einokunarfyrirtæki engin hvatning í að veita þessa þjónustu með tilliti til búnaðar sem það hefur hvorki sett á markað né flutt inn, eða lagað verðlagningu sína að kostnaði þar sem engin samkeppnisögn stafar af nýjum aðilum á markaðinum, og gildir þetta um tengingar, notkunartöku og þjónustu. Með tilliti til þess að venjulega er mikið úrval fjarskiptabúnaðar á flestum mörkuðum fyrir búnað er líklegt að öll sérstök réttindi sem beint eða óbeint takmarka fjölda þeirra fyrirtækja sem hafa heimild til að flytja inn, markaðssetja, tengja, taka í notkun og annast viðhald á slíkum búnaði, hafi sams konar áhrif og ef veittur væri einkaréttur. Þessi sérstöku réttindi eða einkaréttur felur í sér ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif og magntakmarkanir sem eru ósamrýmanlegar 28. gr. sáttmálans. Því er nauðsynlegt að afnema allan gildandi einkarétt á innflutningi, markaðssetningu, tengingum, því að taka í notkun og á viðhaldi enda- og fjarskiptabúnaðar, svo og þau réttindi sem hafa sambærileg áhrif, þ.e. öll sérstök réttindi nema þau sem fela í sér réttindi í samræmi við lög eða reglur sem veitt eru einu eða fleiri fyrirtækjum og hefur aðeins áhrif á möguleika annarra fyrirtækja á að annast starfsemi af því tagi sem talin er upp hér að framan, á sama landsvæði og við aðstæður sem eru sambærilegar í stórum dráttum.

- 5) Sérstökum réttindum eða einkarétti sem varða endabúnað er í raun beitt þannig að búnaður frá öðrum aðildarríkjum fær óhagstæða stöðu, nánar tiltekið með því að komið er í veg fyrir að notendur hafi frjálst val um búnað sem hentar þeim best með tilliti til verðs og gæða, án tillits til uppruna. Beiting þessara réttinda er því ósamrýmanleg 31. gr. sáttmálans í öllum aðildarríkjunum.
- 6) Ákvæði um uppsetningu og viðhaldsþjónustu er lykilatriði við kaup eða leigu á endabúnaði. Það að halda einkarétti á þessu sviði jafngildir því að halda einkarétti hvað markaðsréttindi varðar. Því verður að afnema þessi réttindi ef afnám einkaréttar á sviði innflutnings og markaðsréttinda eiga að hafa hagnýtt gildi.
- 7) Viðhald endabúnaðar er þjónusta í skilningi 50. gr. sáttmálans. Ekki hægt að aðskilja þjónustuna sem um er að ræða frá markaðssetningu endabúnaðar, frá viðskiptalegu sjónarmiði, og verður að veita hana án takmarkana í samræmi við 49. gr. sáttmálans, einkum ef rekstraraðilar með réttindi og hæfi veita hana.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á XIV viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 31.3.2011, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 131, 27.5.1988, bls. 73. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 94/46/EB (Stjtið. EB L 268, 19.10.1994, bls. 15).

⁽²⁾ Sjá A-hluta II. viðauka.

- 8) Aðstæður á markaðinum hafa áfram í för með sér brot á samkeppnisreglunum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum og hafa neikvæð áhrif á þróun viðskipta í þeim mæli að þær ganga gegn hagsmunum Bandalagsins. Öflugri samkeppni á markaði fyrir endabúnað útheimtir innleiðingu gagnsærra tækniforskrifta sem uppfylla grunnkröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra⁽¹⁾ og leyfir fjálsan flutning endabúnaðar. Þetta gagnsæi leiðir af sér að nauðsynlegt er að birta tækniforskriftir.
- 9) Sérstök réttindi eða einkaréttur á að flytja inn og markaðssetja endabúnað skapar aðstæður sem ganga gegn markmiði g-liðar 3. gr. sáttmálans, en samkvæmt honum er kveðið á um að komið verði á kerfi sem tryggir að samkeppni á innri markaðinum raskist ekki og útheimtir enn frekar að samkeppni verði ekki útrýmt. Aðildarríkjum er skylt, skv. 10. gr. sáttmálans, að gera engar þær ráðstafanir sem teflt gætu markmiðum sáttmálans í tvísýnu, þ.m.t. g-liður 3. gr. Því ber að líta svo á að hin sérstöku réttindi samrýmist ekki 82. gr. sáttmálans í tengslum við 3. gr. hans, og er aðildarríkjum bannað, skv. 1. mgr. 86. gr. sáttmálans, að veita þessi réttindi eða viðhalda þeim.
- 10) Til að gera notendum kleift að hafa aðgang að þeim endabúnaði sem þeir kjósa er nauðsynlegt að þekkja og gera gagnsæ einkenni skilflatapunkta almenna netsins sem endabúnaðurinn á að tengjast. Aðildarríkin verða því að tryggja að einkennin séu birt og að notendur hafi aðgang að skilflatapunktum almenna netsins.
- 11) Framleiðendur endabúnaðar verða að vita hvaða tækniforskriftir þeir verði að uppfylla til þess að geta markaðssett búnað sinn. Aðildarríkjum ber því að ganga formlega frá og birta forskriftirnar sem þau verða að tilkynna framkvæmdastjórninni sem drög, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða⁽²⁾. Einungis má láta forskriftirnar ná yfir vörur sem fluttar eru inn frá öðrum aðildarríkjum, að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar sem tilgreindar eru í 3. gr. tilskipunar 1999/5/EB og krefjast má á lögmætan hátt í samræmi við lög Bandalagsins. Aðildarríkin verða, hvað sem
- öðru liður, að fara að 28. og 30. gr. sáttmálans, en samkvæmt þeim verður innflutningsaðildarríki að heimila endabúnað sem er framleiddur og markaðssettur löglega í öðru aðildarríki.
- 12) Til að tryggja að forskriftum vegna gerðarviðurkenningar sé beitt af gagnsæi, hlutlægni og án mismununar er ekki hægt að fela samkeppnisaðila á markaðnum fyrir endabúnað eftirlit með beitingu þeirra, með tilliti til augljósra hagsmunaárekstra. Aðildarríkin skulu því tryggja að ábyrgð með eftirliti sé falin aðila sem er óháður þeim sem stýrir netinu og öllum samkeppnisaðilum á viðkomandi markaði.
- 13) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „endabúnaður“:
 - a) búnaður sem beint eða óbeint er tengdur við skilfleti almenns fjarskiptanets til þess að senda, vinna úr eða taka við upplýsingum. Í báðum tilvikum (hvort sem um er að ræða beina eða óbeina tengingu) getur hún verið gerð með raftaug, ljósleiðara eða þráðlaust, tengingin er óbein ef tæki er komið fyrir milli endabúnaðarins og skilflatar netsins,
 - b) búnaður fyrir gervihnattajarðstöðvar,
2. „búnaður fyrir gervihnattajarðstöðvar“: búnaður sem unnt er að nota einungis til sendinga eða bæði til sendinga og viðtöku eða eingöngu til viðtöku á þráðlausum fjarskiptamerkjum um gervihnetti eða önnur kerfi sem eru staðsett úti í geimnum,
3. „fyrirtæki“: opinber aðili eða einkaaðili sem aðildarríki veitir sérstök réttindi eða einkarétt til að flytja inn, markaðssetja, tengja eða taka í notkun endabúnað til fjarskipta og/eða til að viðhalda slíkum búnaði,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 2006/96/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 81).

4. „sérstök réttindi“: réttindi sem aðildarríki veitir takmörkuðum fjölda fyrirtækja, á grundvelli laga eða stjórnáslugernings sem, á tilteknu landsvæði:

- a) takmarkar fjölda slíkra fyrirtækja við tvö eða fleiri á forsendum sem eru hvorki hlutlægar né byggja á jafnræðis- og hlutfallsreglum eða
- b) tilnefnir, á öðrum forsendum en sem um getur í a-lið, allmörg fyrirtæki í samkeppni eða
- c) hyglir einu eða fleiri fyrirtækjum lagalega eða réttarfarslega, á öðrum forsendum en um getur í a- og b-lið, sem hefur veruleg áhrif á getu annarra fyrirtækja til að flytja inn, markaðssetja, tengja, taka í notkun og/eða viðhalda endabúnaði til fjarskipta á sama landsvæði og við aðstæður sem eru sambærilegar í stórum dráttum.

2. gr.

Aðildarríki, sem hafa veitt fyrirtækjum sérstök réttindi eða einkarétt, skulu sjá til þess að allur einkaréttur verði afnumin, ásamt sérstökum réttindum sem:

- a) takmarka fjölda slíkra fyrirtækja við tvö eða fleiri á forsendum sem eru hvorki hlutlægar né byggja á jafnræðis- og hlutfallsreglum, eða
- b) tilnefnir, á öðrum forsendum en sem um getur í a-lið, allmörg fyrirtæki í samkeppni.

Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða þau frumvörp til laga sem lögð hafa verið fram í þessu skyni.

3. gr.

Aðildarríkjunum ber að sjá til þess að atvinnurekendur hafi rétt til að flytja inn, markaðssetja, tengja, taka í notkun og viðhalda endabúnaði.

Þó mega aðildarríkin:

- a) hvað varðar búnað fyrir gervihnattajarðstöðvar, synja um leyfi til að slíkur búnaður sé tengdur við almenna fjarskiptanetið eða tekinn í notkun, ef búnaðurinn fullnægir ekki viðeigandi sameiginlegum tæknireglugerðum samþykktum með skírskotun til tilskipunar 1999/5/EB eða, ef þær liggja ekki fyrir, grunnkröfunum sem eru settar fram í 3. gr. þeirrar

tilskipunar. Ef ekki liggja fyrir sameiginlegar tæknireglur eða samhæfð skilyrði skulu innlendar reglur taka mið af þessum grunnkröfum og skulu tilkynntar framkvæmdastjórninni með skírskotun til tilskipunar 98/34/EB þar sem þess þarf samkvæmt þeirri tilskipun,

- b) hvað varðar annan endabúnað, synja um leyfi til að slíkur búnaður sé tengdur við almenna fjarskiptanetið ef hann fullnægir ekki viðeigandi sameiginlegum tæknireglugerðum samþykktum með skírskotun til tilskipunar 1999/5/EB eða, ef þær liggja ekki fyrir, grunnkröfunum sem mælt er fyrir um í 3. gr. þeirrar tilskipunar,

- c) krefjast þess að atvinnurekendur hafi nauðsynlega tæknilega hæfni til að tengja, taka í notkun og viðhalda endabúnaði, á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar og eru öllum aðgengilegar.

4. gr.

Aðildarríkjunum ber að sjá til þess að notendur hafi aðgang að nýjum skilflatapunktum í almenna netinu og að tækniforskriftir fyrir þessa punkta séu birtar af notendum almenna fjarskiptanetsins.

5. gr.

Aðildarríkjunum ber að sjá til þess að allar tækniforskriftir fyrir endabúnað verði gerðar formlegar og birtar.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þessar tækniforskriftir með drögum í samræmi við tilskipun 98/34/EB.

6. gr.

Aðildarríkjunum ber að sjá til þess að eftirlit með tækniforskriftunum sem nefndar eru í 5. gr. verði falið aðila óháðum opinberum fyrirtækjum eða einkafyrirtækjum sem bjóða vörur og/eða þjónustu á fjarskiptasviðinu.

7. gr.

Í lok hvers árs skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu sem gerir henni kleift að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum 2., 3., 4. og 6. gr.

Fyrirmynd að skýrslunni er sett fram í I. viðauka.

8. gr.

Tilskipun 88/301/EBE, eins og henni var breytt með tilskipuninni sem tilgreind er í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til að innleiða tilskipanirnar, sem settar eru fram í B-hluta II. viðauka, í landslög.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartölunni í III. viðauka.

9. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

*I. VIÐAUKI***Fyrirmynd að skýrslunni sem um getur í 7. gr.****Framkvæmd 2. gr.**

Endabúnaður sem verið er að breyta eða búið er að breyta löggjöf um.

Fyrir hvern flokk endabúnaðar:

- dagsetning þegar ráðstafanir eru samþykktar eða
- dagsetning þegar frumvarp er lagt fram eða
- dagsetning þegar ráðstafanir öðlast gildi.

Framkvæmd 3. gr.

- endabúnaður sem háður er takmörkunum hvað það varðar að tengja og/eða taka í notkun,
- kröfur um tæknikunnáttu og hæfi og upplýsingar um hvar þær hafa birst.

Framkvæmd 4. gr.

- upplýsingar um hvar tækniforskriftir hafa birst,
- fjöldi núverandi almennra skilflatapunkta,
- fjöldi nýrra almennra skilflatapunkta.

Framkvæmd 6. gr.

- óháður aðili eða aðilar sem tilnefndir hafa verið.
-

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með síðari breytingu

(sem um getur í 8. gr.)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/301/EBE (Stjtið. EB L 131, 27.5.1988, bls. 73)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/46/EB (Stjtið. EB L 268, 19.10.1994, bls. 15)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 8. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
88/301/EBE	—
94/46/EB	8. ágúst 1995

III. VIÐAUKI
Samsvörunartafla

Tilskipun 88/301/EBE	Þessi tilskipun
inngangsorð 1. gr.	inngangsorð 1. gr.
fyrsti og annar málsliður fyrsta liðar 1. gr.	a-liður 1. liðar 1. gr.
siðasti málsliður fyrsta undirliðar 1. gr.	b-liður fyrsta liðar 1. gr.
annar undirliður 1. gr.	3. liður 1. gr.
inngangsorð þriðja undirliðar 1. gr.	inngangsorð 4. liðar 1. gr.
fyrsti undirliður þriðja undirliðar 1. gr.	a-liður 4. liðar 1. gr.
annar undirliður þriðja undirliðar 1. gr.	b-liður 4. liðar 1. gr.
þriðji undirliður þriðja undirliðar 1. gr.	c-liður 4. liðar 1. gr.
fjórði undirliður 1. gr.	2. liður 1. gr.
2. gr.	2. gr.
fyrsti málsliður 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
annar málsliður 3. gr.	inngangssætning 2. mgr. 3. gr.
fyrsti undirliður 3. gr.	a-liður 2. mgr. 3. gr.
annar undirliður 3. gr.	b-liður 2. mgr. 3. gr.
þriðji undirliður 3. gr.	c-liður 2. mgr. 3. gr.
1. mgr. 4. gr.	4. gr.
2. mgr. 4. gr.	—
1. mgr. 5. gr.	—
fyrsti málsliður 2. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.
annar málsliður 2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 5. gr.
6. gr.	6. gr.
8. gr.	—
9. gr.	7. gr.
10. gr.	—
—	8. gr.
—	9. gr.
11. gr.	10. gr.
I. viðauki	—
II. viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki